



Fundargerð

354. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps (aukafundur)
Þriðjudaginn 9. júlí 2013 kl. 15.30.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Andrea Björnsdóttir (AB) oddviti, Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir (ÁSK), Gústaf Jökull Ólafsson (GJO) og Sveinn Ragnarsson (SR). Eiríkur Kristjánsson (EK) boðaði forföll, Eggert Ólafsson varamaður mætti ekki. Einnig sát fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir (IBE) sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Fundargerð rituð í tölvu og er tvær blaðsíður.

Oddviti bauð fólk velkomid, setti fundinn og var óskað eftir því að taka á dagskrá fundargerðir stjórna sveitarfélagsins vegna samþykktar ársreiknings, var það samþykkt, var þá gengið til dagskrár.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu

1. 1306010 – Ársreikningur Reykhólahrepps 2012

Síðari umræða.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 348,4 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi fyrir A- og B-hluta, en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 313 millj. kr. Rekstrartekjur A-hluta námu 226 millj. kr. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 194 millj. kr.

Álagningarhlutfall útsvars var 14,48%, sem er lögbundið hámark þess. Álagningarhlutfall fasteignaskatts í A-flokki nam 0,5%, sem er lögbundið hámark, í B-flokki nam álagningarhlutfall 1,32%, sem er lögbundið hlutfall og í C-flokki nam álagningarhlutfallið 1,65%, sem er lögbundið hámark þess með álagi.

Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt rekstrarreikningi A- og B-hluta var neikvæð um 1 millj. kr. en skv. fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir 6,2 millj. kr. neikvæðri rekstrarniðurstöðu. Rekstrarniðurstaða A-hluta var jákvæð um 2,9 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir 6,7 millj. kr. neikvæðri rekstrarniðurstöðu. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok nam 298,4 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi en eigið fé A-hluta nam 339 millj. kr.

Sveitarstjórn samþykkir ársreikninginn samhljóða með áritun sinni.

Önnur mál (ef einhver), löglega upp borin:

1. 1307006 – Fundargerð skipulags- og bygginganefndar 9. apríl 2013.

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

2. 1307007 – Fundargerð stjórnar Barmahlíðar 9. apríl 2013.

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 16:00.
